

Innanríkisráðuneytið
Ögmundur Jónasson, ráðherra fjarskiptamála

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 4. mars 2011

EFNI: Tímamælingar vegna gjaldtöku fyrir fjarskiptaþjónustu

Sú þróun hefur átt sér stað að tímamæling fyrir símaþjónustu til neytenda hefur á nokkrum árum lengst úr 1 sekúndu í 60 sekúndur. Neytendasamtökin hafa tvívegis sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar í júní 2005 og apríl 2009, þar sem farið er fram á að settar verði reglur um að neytendur greiði fyrir raunverulega notkun. Símtöl eru oftast mjög stutt og flest vara aðeins í nokkrar sekúndur en samt eru neytendur alltaf rukkaðir um a.m.k. mínútu fyrir hvert símtal. Þessi þróun hefur haft veruleg áhrif á verð til neytenda og gerir fjarskiptamarkaðinn enn ógagnsærra en hann þyrfi að vera.


Nú hefur tekið gildi reglugerð um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum. Þar kemur fram að öll símtöl skuli gjaldfærð á sekúndugrundvelli. Þjónustuveitanda er þó heimilt að taka 30 sekúndna upphafsgjald. Það er því ljóst að neytendavernd er sterkari á milli landa innan ESB (EES svæðis) en hér innanlands og það þykir Neytendasamtökunum miður.

Í svari frá Póst- og fjarskiptastofnun við erindi Neytendasamtakanna í apríl 2009 kom fram að stofnunin hafi ekki heimild skv. fjarskiptalögum til að hafa afskipti af verðlagningu á smásölustigi eða markaðssetningu og getur ekki sett reglur um framkvæmd tímamælinga og takmarkað þannig viðskiptafrelsi símafyrirtækjanna. En um leið er Póst- og fjarskiptastofnun falið að fylgja eftir reglugerð um reiki, þar sem m.a. lengd tímamælinga eru settar skorður. Samkvæmt þessu virðist stofnunin ekki geta haft afskipti af verðlagningu hér á landi en hefur rétt til þess ef um er að ræða viðskipti milli landa innan ESB (EES svæðis).

Nú eru fjarskiptalögin í endurskoðun og vilja því Neytendasamtökin vekja athygli á hvernig tímamæling hefur þróast neytendum í óhag. Það er mikilvægt að gera Póst- og fjarskiptastofnun kleift að hafa afskipti af tímamælingum fjarskiptafyrirtækja. Neytendasamtökin fara því fram á að innanríkisráðuneytið sjái til þess að viðeigandi breytingar verði gerðar varðandi þetta efni í tengslum við ný fjarskiptalög. Í því sambandi vilja Neytendasamtökin að fjarskiptafyrirtækjum verði gert að innheimta fyrir símtöl skv. raunmælingu.

Virðingarfyllt

f.h. Neytendasamtakanna


Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdarstjóri